

ÆFING: GERIÐ ÁÆTLUN UM ÞEMAVERKEFNI

ÆFINGIN FJALLAR UM:

Að skipuleggja þemaverkefni með áherslu á orðaforða.

SVONA GERIÐ ÞIÐ:

Hópurinn ræðir saman um hvernig hægt er að:

Skipuleggja saman tiltekið þemaverkefni, þar sem málörvun er fléttuð inn í undirbúning, framkvæmd og úrvinnslu. Áherslan á að vera á orðaforða og hugtakaskilning barnanna. Skráið inn á *Tímaáætlun með þemaverkefni*.

HUGMYNDIR AÐ ÞEMAVERKEFNUM ÚT FRÁ ÁHERSLUM NÁMSSKRÁR

- Alhliða persónulegur þroski.** *Að setja sig í spor.* Gerið möppu fyrir hvert barn og setjið í þær ljósmyndir úr daglegu lífi, hluti, teikningar o.fl. í samræmi við áhuga hvers barns.
- Umhverfi.** Farið í ferðir um nágrennið þar sem þið takið myndir og segið hvert öðru stuttar sögur um hina og þessa staði í hverfinu t.d. um staðinn þar sem heimili barnsins er, um leikvöllinn, verslanir, strætóstöð, bókasafnið, kirkjuna, íþróttahúsið, skólann o.s.frv. Setjið frásagnir og myndir upp á vegg.
- Félagsfærni.** *Andlit á diskum.* Málið andlit sem eru fýld, glöð, leið, reið o.s.frv á pappadiska og kennið börnunum að útskýra andlitin og að nota þau til að lýsa í hvernig skapi þau eru sjálf. Notið diskana reglulega t.d. með því að biðja barn um að sækja diskinn sem sýnir hvernig því líður núna. Farið í hlutverkaleiki þar sem þið eruð ýmist glöð, leið, reið o.s.frv.
- Líkami og hreyfing.** *Ég sjálf/ur.* Myndir af fjölskyldu, hlutir sem ég er hrifin/n af (t.d. kassi með leikföngum), líkaminn (teiknið líkama). „Boltaleikir“. Farið í fótbolta, teiknið mynd af uppáhalds fótboltamanninum/konunni og skrifið nafnið þeirra, frá hvaða landi þau eru og ræðið reglur í fótbolta.
- Náttúran og náttúrufyribæri.** *Tréð okkar.* Veljið tré í nágrenninu sem þið heimsækið á ólíkum árstíðum. Þið getið tekið myndir af trénu og rætt um árstíðirnar.
- Menningarleg túlkun og gildi.** *Leikhús.* Búið til sögu með börnunum sem sett er upp sem leikrit. Leikið e.t.v. leikrit með leiktjöldum, gerið leikmuni og finnið til búninga. Börnin leika fyrir börn á öðrum deildum og foreldrana.
- Málþroski.** *Málörvunarpokar um ofurhetju.* Hvert barn velur sína eigin ofurhetju t.d. Batman. Hjálpið börnunum að leggja hluti eða myndir sem einkenna ofurhetjuna í litla taupoka, þetta getur t.d. verið búningur, gríma, orðakort um eiginleika (sterkur, flýgur o.s. frv.). Leyfið börnunum að segja hvert öðru frá ofurhetjunni sinni með aðstoð hlutanna sem eru í pokanum. Látið barnið og foreldrana taka pokann með sér heim svo þau geti talað saman um það sem er í pokanum, bæði á íslensku og á móðurmálinu. Finnið e.t.v. myndabók sem hæfir efninu og leggið í pokann. Einnig er hægt að nota söngva, rím og þulur.

ÞEMAVERKEFNI MEÐ DÆMUM 1

ÞEMA

T.d. náttúran og náttúrufrýrbæri samkvæmt námsskránni.

MÁLAKUNNÁTTA

Hvaða færni viljum við efla með börnunum?

T.d. samskiptafærni.

Hvaða orðaforða viljum við að börnin tileinki sér?

T.d. tré, rætur, rækta.

1) UNDIRBÚNINGUR: HVERNIG VINNUM VIÐ MEÐ FORSKILNING BARNANNA?

T.d. hefst hver dagur með verkefni í heimakrók þar sem fram fer kynning á efninu sem verður notað um daginn. T.d. poki með hlutum og myndum frá garðinum/skóginum daginn sem börnin fara þangað.

Börnin þreifa á hlutunum og nefna þá, orðin endurtekin og fest í sessi.

2) FRAMKVÆMD: HVERNIG Á FRAMVINDAN AÐ VERA?

T.d. ferð í garðinn/skógin:

Börnin taka með sér poka, glös, smásjár og myndavél.

Þau hjálpast að við að nefna þá hluti sem safnað er.

3) ÚRVINNSLA: HVERNIG EIGUM VIÐ AÐ VINNA ÚR UPPLIFUNUM BARNANNA?

Við skoðum t.d. hina ýmsu hluti og notum þá t.d. í þreifileiki (þreifa á hlut undir teppi).

Við syngjum, lesum upphátt úr bókum t.d. ævintýri, notum myndir og spil.

Við klippum út myndir og límum þau á karton.

Við teiknum, málum, leikum eða vinnum úr reynslunni á skapandi hátt.

Við skrifum orð og hugtök, sem við leggjum áherslu á, á lítil spjöld og hengjum upp með myndunum. Það er hægt að nota þau í veiðimann, minnisspil og myndalotto.

Við leyfum börnunum að fara heim með spilín eftir að þau hafa spilað þau við foreldra sína í leikskólanum. (Foreldrarnir nota heimamálið þegar þau spila við börnin.

Munið að við kunnum ekki að spila spil fyrr en við höfum prófað það).

ÞÁTTTAKA FORELDRA

Hvernig er hægt að gefa foreldrum hlutdeild í verkefninu?

T.d. með því að bjóða þeim með í ferðina.

Hvernig upplýsum við foreldra um verkefnið og sýnum þeim hvernig við vinnum með það?

T.d. með því að gefa foreldrum tækifæri til að fara heim með myndalottó og með því að hengja upp myndir sem sýna staðina sem við ætlum að heimsækja.

MAT Á ÁRANGRI

Hvenær metum við verkefnið og hver er ábyrgur fyrir því?

(Skoðið skipulags- og matsblaðið í 6. málefni til að fá hugmyndir að matsspurningum).

ÞEMAVERKEFNI MEÐ DÆMUM 2

ÞEMA

Ólympíuleikar (í námsskrá: Líkaminn og hreyfing).

MÁLAKUNNNÁTTA

Samskiptafærni.

Hvaða orðaforða viljum við að börnin tileinki sér?

Byrja, mark, hjartsláttur, lungu, móð/móður, hlaupastingur, púls, viðurkenningarskjal hlaupa, stoppa, verðlaunapeningur (medalía), Ólympíuleikar, íþróttagrein.

1) UNDIRBÚNINGUR: HVERNIG VINNUM VIÐ MEÐ FORSKILNING BARNANNA?

Við skoðum myndir af mismunandi íþróttagreinum og börnin fá að kynna skeiðklukku, sjá verðlaunapeninga o.fl. og við tölum um hraða og hvað gerist þegar við hlaupum hratt, hægt, stökkvum o.sfrv. Hvert barn fær eyðublað. Börnin taka þátt í að fylla út niðurstöðurnar af Ólympíugreinunum, púlsinn sinn o.s.frv. Börnin skrifa sjálf nöfn sín og aldur á eyðublöðin.

2) FRAMKVÆMD: HVERNIG Á FRAMVINDAN AÐ VERA?

Ólympíuleikarnir:

- *Við útfærum fjórar keppnir með börnunum og mælum púls, hraða og árangur t.d. spretthlaup, langstökk, að skjóta á mark og „mini“ hindrunarhlaup. Börnin fá aðstoð við að skrá árangur og púls á eyðublaðið.*
- *Við ljúkum Ólympíuleikunum með því að öll börnin fá viðurkenningarskjal og verðlaunapening með merki leikanna sem þau taka þátt í að teikna, hanna og plasta.*
- *Við gerum skemmtilega dagskrá með tónlist í tengslum við verðlaunaafhendinguna og öll börnin fá medalíurnar sínar um hálsinn.*

3) ÚRVINNSLA: HVERNIG EIGUM VIÐ AÐ VINNA ÚR UPPLIFUNUM BARNANNA?

- *Við búum til klippimyndir með ljósmyndum frá Ólympíuleikunum ásamt börnunum*
- *Við teiknum mannlíkama með lungum, hjarta og æðum og ræðum um púlsinn*
- *Við förum með skeiðklukku og púlsmæli á leiksvæðið og börnin fá að mæla hraða og púls þegar þau eru að leika sér.*

ÞÁTTTAKA FORELDRA

Hvernig er hægt að virkja foreldrana til þátttöku í verkefninu?

Eftir að þemaverkefninu lýkur geta börnin skiptast á að fá púlsmælinn heim með sér til að prófa hann með foreldrum sínum.

Hvernig upplýsum við foreldrana um efnið og gerum þeim sýnilegt það sem við erum að gera?

Við setjum upp dæmi um eyðublöð, viðurkenningarskjöl, staðfestingar á þátttöku o.s.frv. í fataklefan. Inni á deildinni hengjum við upp klippimynd frá Ólympíuleikunum.

Börnin eru hvött til þess að spyrja að því heima hvort foreldrar þeirra eða systkini stundi eða hafi stundað einhverja íþrótt. Barnið segir frá því í samverustund.

MAT Á ÁRANGRI

Hvenær metum við verkefnið og hver er ábyrgur fyrir því?

(Finnið innblástur að matsspurningum á skipulags- og matsblaðinu í 6. málefni).

TÍMAÁÆTLUN MEÐ ÞEMAVERKEFNI

ÞEMA

MÁLKUNNÁTTA:

Hvaða færni ætlum við að efla hjá börnunum?

Hvaða orðaforða viljum við að börnin tileinki sér?

1) UNDIRBÚNINGUR: Hvernig vinnum við með fyrri þekkingu barnanna?

2) FRAMKVÆMD: Hvernig á framvindan að vera?

3) ÚRVINNSLA:

Hvernig eigum við að vinna áfram með upplifanir barnanna?

ÞÁTTTAKA FORELDRA:

Hvernig er hægt að virkja foreldra til þátttöku í verkefninu?

Hvernig upplýsum við foreldrana um efnið og gerum það sýnilegt fyrir þeim hvað við erum að vinna með?

MAT Á ÁRANGRI

Hvenær metum við framvindu verkefnisins og hver er ábyrgur fyrir því?

(Finnið innblástur að matsspurningum á áætlunar- og matsblaðinu í 6. málefni).